Nr. 7.
17.
maí.

# Boðskapur konungs
til
# alþingis.

---

**Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Vora konunglegu kveðju!

Með alúðar þakklæti og gleði höfum Vjer veitt móttöku ávarpi því, er neðri deild alþingis hefur sent Oss, og er nýr vottur um hollustu hinnar íslenzku þjóðar til Vor og hlýa hluttöku hennar ekki síður í þeim sorgum, sem Vjer höfum orðið fyrir og Vor konungsætt, en í fagnaðaratburðum þeim, er Oss hefur auðnazt að lifa.

Vjer lítum og með gleði aptur í tímann á þann dag, er Oss auðnaðist með návist Vorri á hinni minningaríku eyju að vígja hið nýja tímabil í sögu Íslands, er hefst með stjórnarskránni frá 1874, og Vjer lítum með alþingi Voru á það með þakklátri viðurkenning, hve miklar framfarir hafa orðið síðan á þeirri undirstöðu, er þá var lögð.

Óskir þær, er menn engu að síður hafa á Íslandi um breytingar á þessari undirstöðu, hafa hingað til ekki fengið fylgi alþingis með þeirri takmörkun á þeim, er geri það hægt yfirleitt að verða við þeim, eða í þeirri mynd sjerstaklega, er stjórn Vor hefur á tveim síðustu þingum lýst aðgengilega án þess hún hafi sjálf borið málið fram; en fáist fylgi alþingis til þessa í ár, er það framvegis ætlan Vor að synja ekki er til kemur um samþykki Vort til þess, að þannig breytt skipun megi komast á.

Með hinum heitustu óskum um framtíð Íslands og einlægri von um, að starf alþingis verði og landi til heilla og hamingju, heitum Vjer því hylli Vorri og konunglegri mildi.

**Ritað á Amalíuborg, 17. maí 1901.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

---

***Goos.***

Nr. 7. Boðskapur konungs 17. maí til alþingis.

# Allerhøjeste Budskab til Altinget.

Nr. 7.
17de
Maj.

**Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertog til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Vor Kongelige Hilsen!

Med inderlig Tak og Glæde have Vi i den Adresse, som Altingets nederste Afdeling har henvendt til Os, modtaget et fornyet Vidnesbyrd om Vort islandske Folks Hengivenhed for Os og dets varme Deltagelse ikke mindre i de Sorger, der have ramt Os og Vort Kongelige Hus, end i de lykkelige Begivenheder, som det er blevet Os forundt at opleve.

Ogsaa Vi se med Glæde tilbage til den Dag, da det forundtes Os ved Vor Nærværelse paa den minderige Ø at indvie det nye Afsnit i Islands Historie, som begynder med Forfatningsloven af 1874, og Vi mødes med Vort Alting i en taknemlig Erkendelse af, hvor store Fremskridt der i den siden da forløbne Tid ere skete paa det den Gang skabte Grundlag.

De Ønsker, der paa Island ikke desto mindre næres om Ændringer i dette Grundlag, have hidtil ikke indenfor de Grænser, inden hvilke deres Opfyldelse overhovedet vil være mulig, og særlig ikke i den Skikkelse, i hvilken de, uden af Vor Regering at være bragte under Forhandling, dog af samme i de tvende sidste Samlinger ere erklærede for antagelige, vundet Altingets Tilslutning, men skulde en saadan i Aar blive dem til Del, ere Vi fremdeles sindede ikke i sin Tid at tilbageholde Vort Samtykke til, at en saaledes ændret Ordning kan træde i Kraft.

Med de varmeste Ønsker for Islands Fremtid og det inderlige Haab, at ogsaa Altingets Gerning maa blive til Lykke og Velsignelse for Landet, forblive Vi Vort Alting i Kongelig Naade bevaagen.

**Skrevet paa Amalienborg den 17de Maj 1901.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***Goos.***